

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag svæðis milli norðurhafnar og miðhafnar á Húsavík.

Húsavíkurbær hefur samþykkt deiliskipulag svæðis milli norðurhafnar og miðhafnar á Húsavík. Í deiliskipulaginu eru skilgreind lóðamörk tveggja iðnaðarlóða, stærð þeirra og leyfilegt nýtingarhlutfall og sýnd breytt lega strandvegjar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Húsavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Húsavík, 26. mars 2002.*

**Gaukur Hjartarson** byggingarfulltrúi Þingeyinga.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Sjávangötu 11, Bessastaðahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 26. mars 2002 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Sjávangötu 11 í Bessastaðahreppi frá skipulagi Sjávangötu, dags. 15. október 1993. Breytingin felst í stækkun byggingarreits á lóðinni.

Skipulagsuppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Bessastaðahreppi, 4. apríl 2002.*

**Gunnar Valur Gíslason** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í landi Ásgarðs, Grímsnes- og Grafningshreppi, vegna dæluhúss Orkuveitu Reykjavíkur.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt breytingu á deiliskipulagi í landi Ásgarðs, Grímsnes- og Grafningshreppi, vegna dæluhúss Orkuveitu Reykjavíkur.

Breyting deiliskipulagsins tekur þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 15. apríl 2002.*

**Guðmundur Rúnar Svavarsson** sveitarstjóri.